



Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Reykjavík 5. febrúar 2021

Fundarstaður : Stórhöfða 29 1.hæð

Mætt voru:

Margrét Arnarsdóttir, Sigmundur Grétarsson, Kristján Helgason, Guðjón Viðar Guðjónsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hilmar Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson , Adam Kári Helgason, Jakob Þór Leifsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Andri Reyр Haraldsson, Þór Ottesen, Þór Hinriksson, Helgi Ingason, og Eiríkur Jónsson.

Enginn var í fjarfundi.

Fundur settur: kl. 19:15

Dagskrá:

Formaður setti fund og bauð stjórn og trúnaðarráð velkomið á fundinn

- **Staðan - hvað hefur verið í gangi**

Formaður stiklaði á stóru yfir það sem gerst hefur frá síðasta fundi. Á fundi stjórnar og trúnaðarráðs árið 2020 var samþykkt að færa félögum RSÍ gjöf í tilefni af 50 ára afmælinu. Gjöfin verður eitt leiktæki sem verður sett upp á Apavatni. Formaður bauð fundarmönnum í heimsókn á nýju skrifstofuna. Unnið er að breytingu á lögum um handiðnað. Von er á breytingu um vinnustaðanám. Ekki verður lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um iðnnám á yfirstandandi þingi. Vinna við grænbók gengur vel og eru iðnaðarfélögin að vinna að sameiginlegum texta til að senda frá sér með sínu álit.

- **Kynning á broskallakerfi**

Guðmundur Ævar og Hilmar kynntu hugmynd að broskallakerfi að danskri fyrirmynd. Félagar hvattir til að hugsa málið og senda tillögur til formanns.

- **Framboðsmál**

Guðmundur Ævar bauð fundarmönnum að skrifa undir framboðslista og lét lista ganga.

- **Önnur mál**

Fjölskylduhátíð verður á Apavatni 14. ágúst þá verður Pallaball.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30

Fundargerð ritaði SPG